



Minnisblað

Til: Bæjarráð

Frá: Jakob Sindri Þórsson og Pálmi Þór Másson

Efni: Framfaravogin, ISO37120 og ISO37122

Dags: 16.1.2023

Framfaravogin

Framfaravogin er vísitala samfélags- og umhverfismælikvarða sem hefur verið gefin út fimm sinnum, fyrst árið 2018. Kópavogur hefur verið þátttakandi í verkefninu frá upphafi. Notast er við aðferðafræði Social Progress Imperative. Framfaravoginni er ætlað að draga fram stöðu félagslegra framfara í samfélaginu. Ekki er að finna efnahagsmælikvarða í Framfaravoginni. Vísitalan byggir á þremur víddum sem greinast svo hver í fjóra þætti. Víddirnar eru grunnþarfir, tækifæri og grunnstoðir velferðar. Notast er við mælikvarða úr miðlægum grunnum til að gæta að samanburðarhæfni sveitarfélaga innan verkefnisins. Ásamt Kópavogsbæ er sveitarfélagið Árborg þátttakandi í verkefninu. Ekki er notast við eldri gögn en fimm ára. Fjöldi vísa í úttekt 2022 voru 50.

Stefnumótun

Ekki hefur verið stuðst við vísitölu Framfaravogarinnar í stefnumótun en horft hefur verið til stakra mælikvarða í vísitölunni. Finna má ellefu mælikvarða sem notaðir hafa verið í Framfaravoginni, tíu staka þar sem einn vísir er tengdur undir tvö heimsmarkmið, í Heimsmarkmiðavísitölu Kópavogs. Gagnaveitur í þeim tíu vísum sem eru nýttir þar koma frá Embætti landlæknis, Samgöngustofu, Hagstofu Íslands, Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Varasjóði húsnæðismála.

Lífskjara- og þjónustustaðallinn ISO37120 og Snjallborgastaðallinn ISO37122

Lífskjara- og þjónustustaðallinn ISO37120 inniheldur 104 mælikvarða í 19 þáttum. Kópavogsbær er með platínu vottun með 100 vottaða mælikvarða. Vottuð hafa verið gagnaárin 2018, 2019 og 2020.

Snjallborgastaðallinn ISO37122 inniheldur 80 mælikvarða í 19 þáttum. Kópavogur er ein af tíu stofnborgum í samstarfi við World Council on City Data (WCCD) með 72 vottaða mælikvarða og fékk sérstaka frumkvöðla vottun. Vottað hefur verið gagnaárið 2020.

WCCD sér um að halda utan um ISO árangursmælikvarða staðlanna. Stofnunin er milliliður sem heldur úti gagnaskilagátt og tengir sveitarfélög við óháða úttektaraðila. Stofnunin rýnir einnig gögn sem skilað er í gagnaskilagáttina áður en vottunaraðili tekur gagnaskilin út.

Umfram þá rýni sem fæst með vottun þá er hagur þess að vera í samstarfi við WCCD fólgin í því að fá aðgang að alþjóðlegum sveitarfélagasamanburði. Auk Kópavogs hefur Reykjavík hlotið vottun fyrir ISO37120 og ISO37122. Reykjavík er einnig að innleiða ISO37123 sem er staðall sem mælir viðnámsþrótt sveitarfélaga gegn hamförum.

Stefnumótun og ISO staðlar

Í stefnumótunarvinnu Kópavogs hefur alþjóðlegi samanburðurinn ekkert nýst og ljóst að önnur sveitarfélög drógu úr þátttöku í stöðlunum í heimsfaraldrinum. Hagur af vottuninni er að því leytinu til





takmarkaður. Vottaðir mælikvarðar hafa fyrst og fremst verið notaðir í Heimsmarkmiðavísitölu Kópavogs og er hún að mestu byggð á ISO37120 mælikvörðum.

Kostnaður

Í töflu hér að neðan má sjá útlagðan kostnað mælikvarðavinnu við ISO staðlanna og Framfaravogina frá árinu 2018.

	<u>2022</u>	<u>2021</u>	<u>2020</u>	<u>2019</u>	<u>2018</u>	<u>Samtala</u>
<i>ISO37120/37122</i> (WCCD)		1,243,800	1,040,300	-	912,475	3,196,575
<i>Framfaravogin</i> (Cognitio ehf.)	1,485,000	1,485,000	1,800,000	1,500,000	3,828,253	10,098,253

Tilboð um áframhaldandi vottun á ISO37120/37122

Nýr samningur um áframhaldandi vottun á ISO37120 og ISO37122 gerir ráð fyrir töluverðri hækkun á útlögðum kostnaði.

	<u>2025</u>	<u>2024</u>	<u>2023</u>
WCCD	5,110,000	4,380,000	3,650,000

Önnur sambærileg verkefni

Ráðist var í að gefa út sjálfbærniskýrslu Kópavogs árið 2022. Í skýrslunni er fjallað um umhverfi, efnahag, stjórnarhætti og samfélagsleg verkefni í sveitarfélaginu með áherslu á þau verkefni sem falla að markmiðum Kópavogsbæjar um innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.

	<u>2023</u>	<u>2022</u>	<u>2021</u>	<u>Samtala</u>
<i>Sjálfbærniskýrsla</i> <i>Kópavogs</i>	1,200,000	1,309,440	1,849,770	3,159,210

Af öðrum verkefnum sem eru smærri í sniðum má nefna þjónustukannanir sem gerðar eru á meðal þjónustuþega velferðar- og menntasviðs, sérvinnslur hjá Hagstofu Íslands, mælaborð barnvænna sveitarfélaga, spurningavagn Gallups og gæðamarkmið Kópavogs.

Færa mælingar nær þjónustunni

Þau verkefni sem hafa helst nýst í stefnumótun og starfsemi í Kópavogi hafa verið þau þar sem mælikvarðar einblína á afmörkuð þýði þjónustuþega eða íbúa. Ljóst er að áhugi og þörf er hjá sviðum Kópavogsbæjar að ráðast í frekari kannanir og greiningar á þjónustu við íbúa. Með því að hætta í Framfaravoginni, hætta vottun á ISO stöðlunum og setja áherslu á að mæla afmarkaðri þýði yrði um stefnubreytingu að ræða í mælikvarðavinnu Kópavogs. Með því væri hægt að vinna að því að safna aðgerðarhæfum mælikvörðum sem myndu nýtast með markvissari hætti í stefnumótunarvinnu Kópavogs. Stefnt er áfram að söfnun gagna í heimsmarkmiðavísitölu Kópavogs og mælikvarðar sem nýttir hafa verið í Framfaravogina og ISO staðlanna verða áfram uppfærðir.